- ndi —, og þetta var einkjenni, Júliens lundarlags — þá he
fði hann fallið á knje og beðið miskunar. — Meðan hann
stóð svona truflaður, og þegjandi, sagði móðir hans
með ygglandirödd, sem aldeilis leindi viðkvæmni þei
-rri, sem hún var gagntekin af til sonar síns. Hvernig
hefur þú sonur minn! á 24ra klukkustundir, tvisvar
neitað að sína gjestrisni, sem er dýrðleg köllun, er Guð
gjefur þeim er hann veitir auðlegð og nægtir; og án þe
-ss að kenna í brjóst um æskunni, og án hluttekníngar fyrir el
linni, rekur þú á burtt barn og gamalmenni, sjúkan og þreyttan
förumann, en vísar jafnt báðum frá dyrunum þínum! Ó, þú
ert vondur dreingur! — Vondur dreingur, sem verðskuldar
hegníngu, hræðilega og mjög þúngbæra, eins og breytni hans;
eins og honum hefur skömmum ifir-sjest, eins skal honum
verða hegnt; hann hefur hvorki kjennt í brjóst um þreytta
eða svánga, eða sjúka. Jeg dæmi því [illegible] Júl
-íen af Cestas, til að ráfa dag og nótt viðstöðulaust, án
þess að drekka, borða eða sofa! Jeg dæmi hann til að spyr
-ja til vegar alstaðar, án þess að vita hvar hann er; til að
biðjast ölmusu við hvers manns dyr, án þess að fá nokkr
-na; jeg dæmi hann til að hafa mikið skegg, svo maður gjeti
þekkt hann alstaðar, og sagt: sjá, vonda strákinn Júlíen!
Snúinn til eftirlöku! Jeg hef útlalað! — Tvö óp heirðust í
einu, og Júlíen og Fleurie féllu á knje fyrir manninum í
rauða möttlinum, og kölluðu: miskun! miskun! — miskun,
fyrir bróður minn, hann ætlar ekki að gjöra það aftur, bætti
Fleurie við. Jeg gjet ekki tekið orð mín aftur, sagði maðurinn
og sveipaði hátignarlega að sjer möttlinum sem var í mörgum
brotunum. Góði herra! sagði Fleurie, með beiskum tárum,
ef veslings bróðirinn minn fer ekki að borða, þá deir
hann. Jeg dæmi hann ekki til að deija, sannaði maðurinn.
Júlíen, sem einúngis snöggvast hafði staðið á knjánum,
ætlaði að hjálpa sistur sinni á fætur. Það er nóg, Fleurie,
sagði hann, með grátstaf í hálsinum, sem hann reindi til að
dylja. Bið ekki leingur, mjer er ekki um það, sistir mín þu
-rfi að standa á knjánum firir þessum manni. Vel og
gott, sagði Fleurie, hálfstunandi, um leið og hún vafði sínum
grönnu og hvítu handleggjunum um hálsinn á bróður sínum,
jeg vil ekki ifirgjefa þig; jeg fer með þjer, og þegar þú ert þre
-ittur, þá aðstoða jeg þig, og þegar þjer er mjög heitt, þá þerra jeg
svitann úr andlitinu þínu með svuntu minni. — Og á jeg þá